

Eigi þykja efni til að taka málskostnaðarkröfu réttargæzlu-stefndu til greina.

Eins og fyrr segir, þá greinir lögmaður stefnanda hvorki í stefnu né svokallaðri greinargerð lagarök til stuðnings dómkröfum stefnanda. Samrýmist þetta ekki meginreglum laga nr. 85 frá 1936, sbr. 110. gr., um skýran og greiðan málf lutning. Ber að víta lögmanninn fyrir þennan málatilbúnað.

Lögð hefur verið fram skýrsla stefnanda, Karólínu Jósefsson. Er þar farið ýmsum óviðurkvæmilegum ummælum um stefnda, sem eru máli þessu óviðkomandi. Verður að víta þetta.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Jósefsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Karólínu Jósefsson.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. október 1959.

Nr. 48/1959. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Roland Pretious (Gísli G. Ísleifsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 1. febrúar 1959, er í málinu greinir, framkvæmdu Garðar Pálsson, 1. stýrimaður, og Bjarni Ólafur Helgason, 2. stýrimaður, undir umsjón skipherrans, Eiríks Kristóferssonar. Eru niðurstöður skipstjórnarmannanna eftir eiðfestu vætti þeirra raktar í héraðsdómi. Þá hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, eftir uppsögu héraðsdóms markað greindar staðarákvarðanir á sjóupprátt. Reyndist staður togarans kl.

10.13 umræddan dag um 8,4 sm., staður hans kl. 10.19 um 8,6 sm. og staður varðskipsins kl. 11.55 við dufl þess, er sett var út við togarann kl. 10.25, um 8,8 sm. innan fiskveiðimarkna samkvæmt reglugerð nr. 70/1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, er sett hefur verið á stjórnskipulegan hátt og öðlaðist gildi hinn 1. september 1958. Hefur ákærði því brotið gegn lagaboðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, sbr. nú lög nr. 6/1959. Með hliðsjón af lögum nr. 4/1924 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti kr. 10.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Roland Pretious, greiði 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns og Gísla G. Ísleifssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 7. febrúar 1959.

Árið 1959, laugardaginn 7. febrúar kl. 13.50, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt meðdómendum Sveinlaugi Helgasyni og Friðbirni

Hólm, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Roland Pretious, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í dag, höfðað gegn Roland Pretious, skipstjóra á brezka togaranum Valafelli, GY 383, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkv. 1. málsgrein 1. greinar laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, samanber 1. grein bráðabirgðalaga nr. 54/1958, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara úti af Loðmundarfirði sunnudaginn 1. þ. m. um kl. 10.25 í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958, sbr. lög nr. 44/1948. Ákærast hann til að sæta refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 21. apríl 1927. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Sunnudaginn 1. febrúar sl. var varðskipið Þór á eftirlitsferð suðaustur af Glettinganesi, er togari sást grunsamlega nærri landi úti af Loðmundarfirði. Þá var þegar snúið í áttina til hans og kl. 10.07 sett á fulla ferð. Kl. 10.13 var gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun:

Togarinn	>	10° 44'
Dalafjall	>	39° 40'
Skælingur	>	57° 39'
Glettinganessviti	>	

Fjarlægðin í togarann 3,2 sjómílar.

Kl. 10.19 var gerð eftirfarandi athugun:

Togarinn	>	8° 4'
Dalafjall	>	45° 57'
Skælingur	>	61° 49'
Glettinganessviti	>	

Fjarlægðin í togarann 1,7 sjómílar.

Kl. 10.20 sett upp stöðvunarmerki, og um leið var ljósmorsað til togarans stöðvunarmerki.

Kl. 10.25 var komið að brezka togaranum Valafelli, GY 383, þar sem hann var að draga inn stjórnbörðsvörpu sína. Samtímis var sett út dufl fast við togarann og kallað yfir í hann, að hann væri að ólöglegum veiðum og að bátur yrði sendur yfir til hans. Þá var hafizt handa að setja út bát til þess að fara yfir í togarann.

Kl. 10.30 setur togarinn á ferð út frá landi og er þá búinn að innbyrða nokkuð af vörpu sinni. Varðskipið hélt þá strax á eftir togaranum, og um leið var haft samband við herskipið Corunna, D. 97, sem komið var í kallfæri við varðskipið, og það beðið að stöðva togarann.

Kl. 10.32 var kallað yfir í togarann og honum sagt að stanza, að öðrum kosti yrði skotið á hann. Ekki staðnæmdist hann við þetta, og var skotið að honum púðurskoti um kl. 10.34.

Kl. 10.35 sást, að togarinn var að innbyrða þann hluta vörpunnar, sem enn þá var utan borðs.

Kl. 10.46 beindi herskipið Corunna, D. 97, öllum byssum sínum að varðskipinu Þór og kvaðst neyðast til að skjóta á varðskipið, ef það skyti að togaranum. Rétt á eftir staðnæmdist togarinn og herskipið.

Kl. 10.51 kom herskipið Agincourt, D. 86, á staðinn með allar byssur mannaðar og beindi þeim að varðskipinu. Foringi herskipsins kom síðan um borð í Þór að fengnu leyfi skipherrans, athugaði á sjókorti mælingar varðskipsins og gerði síðan ásamt áhöfn varðskipsins svofellda staðarákvörðun við duflið kl. 11.55:

Dalafjall	
Skælingur	> 55° 04'
Glettinganessviti	> 64° 10'

Dýpi 92 metrar. Þetta gefur stað togarans 8,8 sjómílnur innan fiskveiðitakmarka.

Yfirmenn brezku herskipanna neituðu síðan að afhenda varðskipinu togarann, og biðu skipin síðan á þessum slóðum þar til um kl. 14.00 á fimmtudag 5. febrúar sl., að skipstjóra togarans barst símskeyti frá útgerð sinni að halda til Seyðisfjarðar vegna fiskveiðibrots. Sigldi ákærði skipi sínum þangað eftir nokkra vafninga.

Ákærði hefur ekki beinlínis vefengt mælingar varðskipsins, en kveður athuganir sínar á fjöllum við Seyðisfjörð og mælingar með dýptarmæli benda til þess, að hann hafi ekki í umrætt skipti togað nær landi en 7,5 sjómílnur. Telja verður, að ákærði hafi ekki getað gert sér grein fyrir fjarlægð sinni frá landi með þessu móti, enda skipta athuganir hans ekki máli þegar af þeirri ástæðu, að hann áætlað stað skipsins að veiðum langt innan fiskveiðitakmarka.

Dómurinn telur þrátt fyrir andmæli verjanda, að bráðabirgðalög nr. 54/1958 og reglugerð nr. 70/1958 séu enn í fullu gildi. Samkvæmt framangreindum mælingum varðskipsins Þórs og játn-

ingu ákærða sjálfs hefur hann því í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 54/1958, um breyting á þeim lögum. Varðar það hann refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Þar sem skip ákærða, togarinn Valafell, GY 383, er samkv. mælibréfi 380 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Valafelli, GY 383, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber samkv. þessu að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla G. Ísleifssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Roland Pretious, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Valafelli, GY 383, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar, kr. 3.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
